

Antikva ehf. 2023

Njarðvíkurkirkja

Fornleifaeftirlit með framkvæmdum 2023

Hermann Jakob Hjartarson





Forsíðumynd: Njarðvíkurkirkja.

Mynd á þessari síðu: Þrívíddarmódel af skurðinum og grunni kirkjunnar.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð og teikningar: Hermann Jakob Hjartarson og Indriði Skarphéðinsson

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-36-9

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundi nema annað sé tekið fram.

© Hermann Jakob Hjartarson og Antikva ehf.

Efnisyfirlit

Abstract	vi
Inngangur	1
Fyrri rannsóknir	2
Markmið og kröfur	2
Aðferðir	2
Ljósmyndir.....	2
Gripir	3
Sýni.....	3
Dýrabein	3
Sögulegt ágríp	3
Svæði.....	4
Minjar í [K2] og [K3].....	5
Kirkjugrunnur	5
Norðan við kirkju [K1].....	7
Gripir	7
Niðurstöður.....	9
Heimildir	10
Fylgigögn	11
Fundaskrá.....	11
Teikningar og kort	11
Ljósmyndaskrá.....	11

Ljósmyndaskrá

Mynd 1. Stoðarhola í suðausturhluta grunnsins	5
Mynd 2. Grunnur af eldri kirkju undir uppistandandi kirkju.	5
Mynd 3. Könnunarskurður 1, norðan við kirkju.	7
Mynd 4. Eftir að búið er að ganga frá svæðinu ný stétt. Ljósmynd frá Beimi.	7
Mynd 5 Vaðsteinn (f-19) og þakskífur (f-13)	8

Korta- og teikningaskrá

Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu	v
Kort 2. Grafinn var skurður við þrjár af fjórum hliðum kirkjunnar. Steinhleðsla og stoðarholur (merktar rauðar) komu í ljós.	4
Kort 3. Grunnur eldri kirkju er undir uppistandandi kirkju, steinar í hleðslunni eru gráir og stoðarholur eru merktar með rauðum lit.	6



Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202306-0089

Safnnúmer Þjóðminjasafns: 2023-39

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Til stóð að leggja þerrivatnslögn og gera gangstíg umhverfis Njarðvíkurkirkju. Gert er ráð fyrir að grafa þurfi um 60 cm niður allt í kringum kirkjuna. Tilgangur var að hafa eftirlit með þessum framkvæmdum.

Tegund rannsóknar: Fornleifaeftirlit

Staðsetning: Njarðvíkurkirkja

GPS hnit: A: 328134.919 N: 391022.188

Rannsóknartími: 20.-22. júní 2023

Leyfishafi: Hermann Jakob Hjartarson, Antikva ehf.

Fjöldi starfsmanna á vettvangi: 1

Abstract

Njarðvíkurkirkja was built in 1886 and it is nowadays a protected site. The church was in need of a new drainage system and walkway. The construction work involved the opening of a 0.60 m deep trench around the church. The aim was to monitor these constructions. An older stone foundation of a church was observed. The remains were visible on the south and east side of the present-day stone church. A couple of postholes were seen in the corners of the foundation. The remains are probably the foundations of a 19th century timber church. According to written sources such timber churches were built on the location in 1827 and 1859, and the observed structural remnants likely belong to the latter. The removal of the structure was deemed unnecessary. The remains were therefore only mapped and recorded.

Inngangur

Vegna framkvæmda við Njarðvíkurkirkju fékk sóknarnefnd kirkjunnar Antikva ehf. til að hafa eftirlit með framkvæmdum. Til stóð að grafa meðfram Njarðvíkurkirkju, ca. 1,5 m út frá veggjum hennar til að leggja þerrivatnslögn og gera gangstíg umhverfis kirkjuna. Gert var ráð fyrir að grafa þyrfti ca. 60 cm niður. Tilgangur var að hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og sjá hvort að fornleifar kæmu í ljós. Rannsóknin fór fram 20.-22. júní 2023. Fornleifafræðingur á vettvangi er skýrsluhöfundur.

Minjastofnun Íslands veitti uppgrafarleyfi þann 16. júní 2023. Rannsóknin fékk rannsóknarnúmerið 202306-0089 og safnnúmerið 2023-39 hjá Þjóðminjasafni Íslands.

Í ljós kom grjóthlaðinn grunnur af eldri kirkju, líklega timburkirkju sem var reist þarna á 19. öld og stóð í nokkra áratugi áður en að steinkirkjan var reist. Samkvæmt heimildum var byggð timburkirkja þarna árið 1827 og svo önnur árið 1859. Líklega er þetta grunnurinn af seinni kirkjunni, mögulega einnig grunnurinn af þeirri fyrri. Grunnurinn var sýnilegur fyrir sunnan og austan við núverandi kirkju. Stoðir voru í hornum grunnsins. Ákveðið var að ekki þyrfti að fjarlægja þessar minjar og voru þær því aðeins skráðar.

Umsjón með verkinu hafði Sveinn Valdimarsson hjá Beimi ehf. fyrir hönd Njarðvíkurkirkju. Starfsmenn fyrirtækisins Grjótgarðar ehf. sáu um gröfuvinnu. Guðný Ósk Guðnadóttir sá um frágang og skráningu gripa. Indriði Skarphéðinsson ásamt höfundi sá um gerð teikninga og korta. Þjóðminjasafn Íslands sá um forvörslu gripa.

Höfundur þakkar öllum sem hafa lagt rannsókninni lið.

Fyrri rannsóknir

Árið 2019 var svæðið í kringum kirkjuna skráð af Bjarna F. Einarssyni, fornleifafræðingi, en í þeirri skrá var ekki minnst sérstaklega á kirkjuna, enda er ekki venjan að skrá uppistandandi mannvirki í fornleifaskráningum.¹ Húsakönnun var gerð árið 2020 þar sem farið var yfir sögu kirkjunnar.²

Markmið og kröfur

Til stóð að grafa meðfram Njarðvíkurkirkju, ca. 1,5 m út frá veggjum hennar til að leggja þerrivatnslögn og gera gangstíg umhverfis kirkjuna. Gert var ráð fyrir að grafa þyrfti ca. 60 cm niður. Tilgangur var að hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og sjá hvort að fornleifar kæmu í ljós.

Aðferðir

Við eftirlitið var fylgst með gröfunni grafa skurðinn. Ef mannvistarlag kom í ljós var grafan stöðvuð og lagið skráð. Ef gripir fundust voru þeir auk þess teknir og skráð hvaðan þeir komu.

Svæðið og einstaka jarðlög voru mæld inn með Trimble TDC150 dm mælitæki. Uppgriftarsvæðið var sett inn í ISN93 hnitakerfið vegna þess að öll skipulagsgögn sem notuð höfðu verið áður af svæðinu voru í því kerfi. Þrívíddarmodel var svo gert af öllu svæðinu, til þess var notað forritið Scaniverse. Teikning var svo gerð eftir þrívíddarmódelinu.

Mæligögnum og gagnagrunni úr Intrasis verður skilað til Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.

Ljósmyndir

Við fornleifarannsóknina voru teknar stafrænar myndir, vinnumyndir, myndir af jarðlögum, sniðum, myndir fyrir þrívíddarmodel og af gripum. Á vettvangi eru uppgriftarljósmyndir skráðar á eyðublöð sem hafa verið hönnuð sérstaklega til þess að skrá slíkar myndir. Teknar voru 61 uppgriftarmynd.

¹ Bjarni F. Einarsson, 2019.

² Jón Stefán Einarsson og Helgi Biering, 2020.

Gripir

Allir gripir sem fundust voru teknir til varðveislu og skráðir í Sarp, gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands.³ Skráðir voru 19 gripir í Sarp, sjá fundaskrá, og ljósmyndir teknar af þeim öllum. Gripir eru skráðir með ártali (2023), rannsóknarnúmeri (39) og hlaupandi númeri í Sarp og fundaskrá. Gripir frá rannsókninni eru því með númerið 2023-39-X, en í skýrslunni er notast við styttingu og stendur (f-x).

Sýni

Engin sýni voru tekin.

Dýrabein

Engin dýrabein fundust.

Sögulegt ágrip

Elsta heimild um kirkju í Njarðvík er úr Hítardalsbók, þar segir „*Mariukirkja og hins heilaga Þorláks biskups í Njarðvík á eina kú, altarisklæði tvö, et cetera.*” Sú heimild er frá 14. öld. Kirkjujörðin komst í eigu konungs árið 1515 og var í eigu krúnunnar til ársins 1790 þegar að bræðurnir Ásbjörn og Egill Sveinbjarnarsynir keyptu jörðina. Í millitíðinni, eða á 17. öld barðist Jón Halldórsson, ábúandi í Innri-Njarðvík, fyrir því að kirkja yrði aftur reist í Innri Njarðvík. Árið 1670 gaf Brynjólfur Sveinsson biskup leyfi fyrir kirkju og var hún reist sama ár. Kirkjan fékk hálfkirkjurétt. Kirkjan var þjónuð af Kálfartjarnarprestum til ársins 1700, en þá varð kirkjan alkirkja og var annexía frá Hvalsnesi. Torfkirkja var byggð í Innri-Njarðvík árið 1807 og árið 1827 var torfinu rutt burt og kirkjan timburklædd að utan og henni breytt í timburkirkju; var það fyrsta altimbraða kirkjan. Árið 1858 eða 1859 hafið Ásbjörn Ólafsson forgöngu um að ný timburkirkja yrði byggð á staðnum. Sú kirkja var 17,5 alin að lengd og 9 alin á breidd (um 11 x 5,65 m) með þremur sex rúðu gluggum á hvorri hlið og einum á framstafni og skífufaki.

Timburkirkjan þótti þarfnast verulegra viðgerða árið 1884 og í kjölfarið var ákveðið að byggja nýja kirkju, í þetta sinn steinkirkju. Þeirri smíði lauk 1885-6 og er þetta ein af eldri steinkirkjum landsins. Þegar grafið var fyrir grunni kirkjunnar var grafið 2,5 alin (um 1,6 m) niður á harða möl. Margvíslegar framkvæmdir hafa farið fram á kirkjunni frá byggingu hennar. Meðal annars

³ Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn.

var skipt um turn og þak árið 1944 og steinhellur þá fjarlægðar af þakinu og einnig voru miklar endurbætur unnar á kirkjunni um 1990, mest að innanverðu.⁴

Svæði

Einn skurður var grafinn, skurðurinn var U-laga og náði hann utan um þrjár af fjórum hliðum kirkjunnar. Skurðurinn skiptist í þrjá hluta. Svæðin kallast: Könnunarskurður 1 [K1] sem var norðan við kirkjuna, könnunarskurður 2 [K2] sem var austan við kirkjuna og könnunarskurður 3 [K3] sem var sunnan við kirkjuna.



Kort 2. Grafinn var skurður við þrjár af fjórum hliðum kirkjunnar. Steinhleðsla og stoðarholur (merktar rauðar) komu í ljós.

⁴ Jón Stefán Einarsson og Helgi Biering, 2020, bls. 7- 9 og *Kirkjur Íslands*, 2008 bls. 303-308.

Minjar í [K2] og [K3]

Kirkjugrunnur

Eitt mannvirki fannst á svæðinu, hlaðinn grunnur af húsi. Yfir grunninum var mikið af sandi og möl, talsvert af brotnum þakskífum var í laginu. Líklega gamla þakið af uppistandandi steinkirkju, en þær eru ekki samskonar og þær sem eru núna á kirkjunni. Grunnurinn var sýnilegur meðfram allri suðurhlíð [K3] og hluta af austurhlíð [K2] Njarðvíkurkirkju. Grunnurinn var gerður úr tilhöggnu og ótilhöggnu grjóti. Grunnurinn náði 1,5 m út fyrir kirkjuna til suðurs og 1 m út fyrir kirkjuna til austurs. Við suðurhlíð



Mynd 2. Grunnur af eldri kirkju undir uppistandandi kirkju.



Mynd 1. Stoðarhola í suðausturhluta grunnsins


kirkjunnar var vel varðveitt hleðsla *in situ*. Ekki var opnað svæði yfir öllum grunninum fyrir sunnan kirkjuna. Tvær stoðarholur fundust, önnur í suðvestur horni grunnsins og hin í suðausturhorni grunnsins. Í stoðarholunni í suðvesturhorni grunnsins voru enn viðarleifar. Einnig voru tvær aðrar holur í grunninum sem líklega voru fyrir stoðir. Austur hluti grunnsins var verr farinn en suðurhlutinn, heilleg hleðsla var í um 3 m

til norðurs en afgangurinn var illa farin, og var það grjót líklega *ekki in situ* nema að litlum hluta. Mögulega hefur hleðslan skemmt af seinni tíma framkvæmdum, en rafmagnsleiðsla lá yfir grunninum og gæti lagning hennar hafa skemmt hleðsluna. Alls var hleðslan um 12,4 m að lengd en erfiðara er að sjá hversu breið hún hefur verið vegna skemmdanna, en þar sem hleðslan er hvað heillegust hefur hún verið a.m.k. 3 m breið.

Þetta er líklega grunnurinn af kirkjunni sem þarna stóð áður en uppistandandi kirkja var byggð, þ.e. timburkirkjunni sem var reist þarna árin 1858-9. Ekki er líklegt er sá hluti grunnsins sem ekki sást í uppgreftinum sé enn varðveittur undir Njarðvíkurkirkju því samkvæmt heimildum var grafið um 1,6 m niður fyrir grunn kirkjunnar.⁵

Steinkirkjan hefur verið staðsett á næstum sama stað og timburkirkjan, en hefur verið færð um 1,5 m til norðurs. Svipaður grunnur fannst við fornleifarannsókn við norðurhlið Þingvallakirkju; þar fannst grjóthleðsla eldri timburkirkju sem náði um 2 m út fyrir núverandi kirkju.⁶ Við suðurhlið þeirrar kirkju fannst svo grunnur af hliðarskipi kirkju og í grunninum var stór stoð.⁷

Ekki var hreyft við hleðslunni; hún aðeins hreinsuð og skráð. Í þeim tilgangi að vernda minjarnar var fundin önnur lausn en að dreina þar sem hleðslan var.



Kort 3. Grunnur eldri kirkju er undir uppistandandi kirkju, steinar í hleðslunni eru gráir og stoðarholur eru merktar með rauðum lit.

⁵ *Kirkjur Íslands*, 2008, bls. 304.

⁶ Orri Vésteinsson, 1999.

⁷ Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Sigríð Cecilie Juel Hansen, 2012, bls 11.

Norðan við kirkju [K1]

Í skurðinum [K1] norðan við kirkju var aðeins þunnt mannvistarlag á köflum, stutt undir yfirborðinu. Blandað lag með smá torfi, lífrænum leifum og koli. Líklega er þetta yfirborðið þegar að kirkjan var byggð. Undir því var óhreyfður jarðvegur.



Mynd 3. Könnunarskurður 1, norðan við kirkju.



Mynd 4. Eftir að búið er að ganga frá svæðinu ný stétt. Ljósmynd frá Beimi.

Gripir

Í öllum skurðinum fundust steinskífur, líklega gamlar skífur úr þaki kirkjunnar, en þær eru ekki eins og þær sem nú eru á þakinu. Þeim hefur líklega verið hent af þakinu þegar skipt hefur verið um þak á kirkjunni, en árið 1944 var steinn tekinn af þaki hennar.⁸ Skífurnar voru í öllum skurðinum, í efstu lögum, þar á meðal ofan á hleðslunni. Skífurnar voru ekki allar teknar, aðeins voru tekin sýnishorn af þeim (f-13). Í sumum skífanna voru naglar og í öðrum ryðblettir sem gefur til kynna að þær hafi verið negldar í þakið.

Einn vaðsteinn (f-19) fannst við hleðsluna sunnan við kirkjuna. Þar fundust einnig naglar ofan á hleðslunni (f-14,15,16,17,18), mögulega úr timburkirkjunni. Steypubrot (f-3) fannst, líklega hefur það dottið/lekið í jörðina þegar gert hefur verið við steinkirkjuna, en milli steinanna er steypa.



Mynd 5 Vaðsteinn (f-19) og þakskífur (f-13)

Í yfirborðslagi í [K1] fundust hvítleirkersbrot (f-2,4,7,8,9,11), flöskugler (f-12), lyfjaglas (f-10) og múrsteinsbrot (f-6). Einnig fannst skeifa (f-1) upp við grunninn af steinkirkjunni. Þá fannst brot úr Pepsi flösku (f-5) sem er mun yngri en aðrir gripir, eða frá árunum 1971-1987.

⁸ *Kirkjur Íslands*, 2008, bls. 308

Niðurstöður

Líklegt er að grunnurinn sem fannst í rannsókninni sé grunnur af timburkirkjunni sem byggð var árið 1859. Sú kirkja var um 11 x 5,65 m samkvæmt heimildum. Grunnurinn sem grafinn var upp var um rúmlega 12 m langur, en á milli fyrstu stoðarholanna voru 11,4 m sem passar við heimildina. Einnig er mögulegt að þetta sé einnig grunnurinn af kirkjunni sem byggð var árið 1807 og gerð að timburkirkju árið 1827; ekki er ljóst hvort að grunnurinn af þeirri kirkju hafi verið fjarlægður eða notast við sama grunn. Ljóst er að timburkirkjan frá 1859 hefur staðið á næstum sama stað og uppistandandi kirkja.

Engin eldri mannvist fannst. Grafið var neðar fyrir utan hleðsluna en komið var niður á náttúrulegan jarðveg. Ekki er þó hægt að útiloka að mannvist sé undir hleðslunni.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson (2019). *Fornleifaskráning í Innri Njarðvík vegna deiliskipulags*. Fornleifafræðistofan.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Sigrid Cecilie Juel Hansen (2012). *Fornleifarannsókn á Þingvöllum. Vegna framkvæmda við Þingvallakirkju 2009*. Náttúrustofa Vestfjarða og Byggðasafn Árnesinga.

Jón Stefán Einarsson og Helgi Biering (2020). *Reykjanesbær, Innri-Njarðvík, Kirkjugarður og Thorkellinsgarður*, Breyting á deiliskipulagi Húsakönnun. JeES arkitektar.

Kirkjur Íslands 11 (2008). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands og Biskupastofa.

Orri Vésteinsson (1999). *Fornleifarannsókn við Þingvallakirkju*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Sarpur: Menningarsögulegt gagnasafn. www.sarpur.is

Þrívíddarmódel af uppgrafstærsvæðinu: <https://sketchfab.com/3d-models/njarvikurkirkja-dagur-2-60d97a84214649a5b58242aac44a15de>

Fylgigögn

Fundaskrá

Teikningar og kort

Ljósmyndaskrá

ANTIKA EHF.

Fundaskrá

Njarðvíkurkirkja

Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður
Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi
Heiti Efni Fasi
Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing

Skeifa, nánast heil. Brotnað hefur upp úr henni á annarri hlið.



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður
Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi
Heiti Efni Fasi
Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags


N A Z

Lýsing

Flatt hvítleirsbrot, líklega úr disk. Brotið er barmbrot og er glerjað báðum megin.



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi Heiti Efni Fasi Tækni Aldur frá Aldur til Svæði Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot Teg. mannvirkis Nr. Teg. lags Nr. lags N A Z Lýsing  

Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi Heiti Efni Fasi Tækni Aldur frá Aldur til Svæði Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot Teg. mannvirkis Nr. Teg. lags Nr. lags N A Z Lýsing  

Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður

Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi

Heiti Efni Fasi

Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður

Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi

Heiti Efni Fasi

Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður
Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi
Heiti Efni Fasi
Tækni Aldur frá Aldur til Svæði
Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot
Teg. mannvirkis Nr.
Teg. lags Nr. lags
N A Z

Lýsing

Barmbrot úr hvítleir. Það er fremur flatt við barminn en sveigist þá út þegar innar á brotið er komið.



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður
Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi
Heiti Efni Fasi
Tækni Aldur frá Aldur til Svæði
Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot
Teg. mannvirkis Nr.
Teg. lags Nr. lags
N A Z

Lýsing

Kúpt og fremur þykkt hvítleirsbrot. Brotið er glerjað báðum megin. Tilheyrir mögulega krukku.



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður

Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi

Heiti Efni Fasi

Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing

Ávalt hvítleirsbrot. Að utanverðu er brotið glerjað og rönd er greipt í það.



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður

Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi

Heiti Efni Fasi

Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing

Botnbrot úr glærri lyfjaflösku úr gleri. Greina má hluta upphleyptar áletrunar undir botninum; "BENHAU".



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður

Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi

Heiti Efni Fasi

Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing

Eilítið ávalt hvítleirsbrot, glerjað öðrum megin.



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður

Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi

Heiti Efni Fasi

Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing

Botnbrot úr grænni glerflösku. Stöku loftbólur eru í glerinu.



Fundanúmer	13	Safnnúmer	39	Dags.	20.06.2023	Staður	Njarðvíkurkirkja
Byggðaheiti	Innri-Njarðvík	Sveitarfélag	Reykjanesbær	Finnandi	Hermann J. Hjartarson		
Heiti	Þakskífa	Efni	Steinategund - Flöguberg.	Fasi			
Tækni	Steinsmíði.	Aldur frá	1850	Aldur til	1850	Svæði	Könnunarskurður 1
Lengd	18 cm	Breidd	8,9 cm	Hæð		Vigt	337 g
						Fjöldi	1
						Brot	5

Teg. mannvirkis	Kirkja	Nr.	
-----------------	--------	-----	--

Teg. lags	Yfirborðslag	Nr. lags	
-----------	--------------	----------	--

N	328.137	A	391.031	Z	
---	---------	---	---------	---	--

Lýsing

Fimm brot úr þakskífum úr flögubergi. Brotin eru flöt og fremur þunn, það þykkasta 0,8 cm. Brotin eru grá og eilítið glitrandi. Ryðgaður nagli eða annað járn situr í einu brotanna, ummerki eftir ryð eru á öðru broti.



Fundanúmer	14	Safnnúmer	39	Dags.	20.06.2023	Staður	Njarðvíkurkirkja
Byggðaheiti	Innri-Njarðvík	Sveitarfélag	Reykjanesbær	Finnandi	Hermann J. Hjartarson		
Heiti	Nagli	Efni	Málmur - Járn.	Fasi			
Tækni	Málmsmíði - Járnsmíði.	Aldur frá	1850	Aldur til	1850	Svæði	Könnunarskurður 2
Lengd	16,2	Breidd	1,4 cm	Hæð		Vigt	31,4 g
						Fjöldi	1
						Brot	1

Teg. mannvirkis		Nr.	
-----------------	--	-----	--

Teg. lags	Hreyft lag	Nr. lags	
-----------	------------	----------	--

N	328.136	A	391.021	Z	
---	---------	---	---------	---	--

Lýsing

Langur og mjór járnnaagli. Fimm tommu nagli, verksmiðjuframleiddur.



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður

Byggðaðeiti Sveitarfélag Finnandi

Heiti Efni Fasi

Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing




Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður

Byggðaðeiti Sveitarfélag Finnandi

Heiti Efni Fasi

Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing




Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður

Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi

Heiti Efni Fasi

Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing



Fundanúmer Safnnúmer Dags. Staður

Byggðaheiti Sveitarfélag Finnandi

Heiti Efni Fasi

Tækni Aldur frá Aldur til Svæði

Lengd Breidd Hæð Vigt Fjöldi Brot

Teg. mannvirkis Nr.

Teg. lags Nr. lags

N A Z

Lýsing



Fundanúmer	19	Safnnúmer	39	Dags.	20.06.2023	Staður	Njarðvíkurkirkja					
Byggðaheiti	Innri-Njarðvík	Sveitarfélag	Reykjanesbær	Finnandi	Hermann J. Hjartarson							
Heiti	Vaðsteinn		Efni	Steinategund - Steinn.		Fasi						
Tækni	Steinsmíði.		Aldur frá	1800	Aldur til	1900	Svæði	Könnunarskurður 2				
Lengd	6,7 cm	Breidd	4,6 cm	Hæð		Vigt	207 g	Fjöldi	1	Brot	1	
Teg. mannvirkis			Nr.									
Teg. lags	Hreyft lag		Nr. lags									
N	328.136	A	391.021	Z								
Lýsing	Hálfur vaðsteinn, rák er greipt í hann þveran.											

ANTIKA EHF.

Ljósmyndaskrá

Njarðvíkurkirkja

Mynd Nr.	Svæði	Jarðlaga tegund	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning	Myndavél
2023-39-1	N við kirkjuna	Yfirborð	Yfirborð, norðan við kirkjuna fyrir uppgröft	A	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-2	S við kirkjuna	Yfirborð	Yfirborð, sunnan við kirkjuna fyrir uppgröft	A	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-3	A við kirkjuna	Yfirborð	Yfirborð, austan við kirkjuna fyrir uppgröft	N	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-4	A við kirkjuna	Yfirborð	Yfirborð, austan við kirkjuna fyrir uppgröft	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-5	N við kirkjuna	Yfirborð	Yfirborð, norðan við kirkjuna fyrir uppgröft	A	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-6	N við kirkjuna		Uppgröftur að hefjast norðan við kirkjuna	A	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-7	N við kirkjuna	Mannvistarlag	Örlitil mannvist norðan við kirkjuna, múrskeld sem skali		HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-8	N við kirkjuna	Mannvistarlag	Örlitil mannvist norðan við kirkjuna.		HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-9	N við kirkjuna	Mannvistarlag	Örlitil mannvist norðan við kirkjuna.	A	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-10	N við kirkjuna	Náttúrulegur jarðvegur	Náttúrulegur jarðvegur norðan við kirkjuna		HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-11	N við kirkjuna	Hleðsla	Hleðslan undir kirkjunni		HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-12	N við kirkjuna		Vír að koma upp úr jörðinni	A	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-13	N við kirkjuna		Yfirlitsmynd	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-14	N við kirkjuna		Yfirlitsmynd	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-15	N við kirkjuna		Yfirlitsmynd	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-16	N við kirkjuna		Yfirlitsmynd	A	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-17	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla að koma í ljós	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-18	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla að koma í ljós	N	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-19	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla að koma í ljós	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-20	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla að koma í ljós	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-21	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-22	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-23	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-24	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-25	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-26	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-27	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-28	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-29	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla að koma í ljós	N	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-30	S og A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	NV	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-31	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	A	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-32	S við kirkjuna	Stoðarhola	Stoðarhola í hleðslu	N	HJH	20/06/2023	Iphone 11
2023-39-33	S við kirkjuna	Stoðarhola	Stoðarhola í hleðslu, m. skala	S	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-34	S við kirkjuna	Stoðarhola	Stoðarhola í hleðslu, m. skala	S	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-35	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	A	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-36	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	A	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-37	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	A	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-38	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	A	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-39	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	A	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-40	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-41	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-42	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-43	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-44	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	V	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-45	N við kirkjuna	Náttúrulegur jarðvegur	Náttúrulegur jarðvegur norðan við kirkjuna	V	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-46	A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	S	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-47	S og A við kirkjuna	Stoðarhola	Stoðarhola í suðausturhorni hleðslunar	NV	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-48	S og A við kirkjuna	Stoðarhola	Stoðarhola í suðausturhorni hleðslunar. m. skala	NV	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-49	S og A við kirkjuna	Stoðarhola	Stoðarhola í suðausturhorni hleðslunar. m. skala	NV	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-50	S og A við kirkjuna	Stoðarhola	Stoðarhola í suðausturhorni hleðslunar. m. skala	NV	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-51	S og A við kirkjuna	Stoðarhola	Stoðarhola í suðausturhorni hleðslunar. án skala	NV	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-52	S og A við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-53	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-54	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11

2023-39-55	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-56	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-57	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-58	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-59	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-60	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11
2023-39-61	S við kirkjuna	Hleðsla	Hleðsla	N	HJH	21/06/2023	Iphone 11



G-2023-39-01



G-2023-39-02



G-2023-39-03



G-2023-39-04



G-2023-39-05



G-2023-39-06



G-2023-39-07



G-2023-39-08



G-2023-39-09



G-2023-39-10



G-2023-39-11



G-2023-39-12



G-2023-39-13



G-2023-39-14



G-2023-39-15



G-2023-39-16



G-2023-39-17



G-2023-39-18



G-2023-39-19



G-2023-39-20



G-2023-39-21



G-2023-39-22



G-2023-39-23



G-2023-39-24



G-2023-39-25



G-2023-39-26



G-2023-39-27



G-2023-39-28



G-2023-39-29



G-2023-39-30



G-2023-39-31



G-2023-39-32



G-2023-39-33



G-2023-39-34



G-2023-39-35



G-2023-39-36



G-2023-39-37



G-2023-39-38



G-2023-39-39



G-2023-39-40



G-2023-39-41



G-2023-39-42



G-2023-39-43



G-2023-39-44



G-2023-39-45



G-2023-39-46



G-2023-39-47



G-2023-39-48



G-2023-39-49



G-2023-39-50



G-2023-39-51



G-2023-39-52



G-2023-39-53



G-2023-39-54



G-2023-39-55



G-2023-39-56



G-2023-39-57



G-2023-39-58



G-2023-39-59



G-2023-39-60



G-2023-39-61

ANTIKVA EHF.

Korta- og teikningaskrá

Njarðvíkurkirkja



0 2.5 5 m

Antikva

Njarðvíkurkirkja
Kirkjugrunnur í könnunarskurði
Kort nr 1

Vettvangsskráning: HJH
Kortagerð: HJH og IS



Antikva

Njarðvíkurkirkja
Kirkjugrunnur í könnunarskurði
Kort nr 2

Vettvangsskráning: HJH

Kortagerð: HJH og IS




Antikva

Njarðvíkurkirkja
Kirkjugrunnur í könnunarskurði

Vettvangsskráning: HJH

Kortagerð: HJH og IS



Antikva

Njarðvíkurkirkja
Kirkjugrunnur í könnunarskurði

Vettvangsskráning: HJH

Kortagerð: HJH og IS



